

REGLUGERÐ

um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

1. gr.

Frá 10. nóvember 1982 til 15. maí 1983, að báðum dögum meðtöldum, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi vestur frá Sandgerðisvita, að vestan markast svæðið af 23°42'0 V og að norðan af 64°20'0 N.

2. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum, skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. nóvember 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 172, 20. mars 1980, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Við vörulistan í 1. gr. reglugerðarinnar bætist:

Tollskrárn.	Vörutegund
06.02.09	Lifandi rætur, græðlingar og gróðurkvistir ót. a. í mánuðunum desember til maí.
	Tollskrárn. 06.03.00 í vörulistanum í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:
Tollskrárn.	Vörutegund
06.03.00	Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, lítað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt, í mánuðunum desember til maí.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 2. nóvember 1982.

Tómas Árnason.

Pórhallur Ásgeirsson.